


## ✉ Re: Ósk um umsagnir, Efra-Apavatn 1A L226187, skipting landsvæðis, deiliskipulag 2003002 -

Búið til	12.10.2020 13:38:34
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	12.10.2020 13:38:33
Tilheyrir	 202009-0012 - Óskum eftir umsögn á deiliskipulagstillögu fyrir Efra-Apavatn 1A L226187 í Bláskógabyggð

### Efni

Re: Ósk um umsagnir, Efra-Apavatn 1A L226187, skipting landsvæðis, deiliskipulag 2003002 -

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	12.10.2020 13:38:33	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	stella@utu.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0012 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Bláskógabyggð, dags. 9. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulag fyrir Efra-Apavatn, Rollutanga, 8,1 ha. Landið er að mestu ósnortið. Markmið með skipulaginu er frístundabyggð. Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist að svara erindinu.

Eins og kemur fram í skipulagstillögunni er svæðið Laugarvatn-Apavatn-Brúará, sjá <https://www.ni.is/node/21653> (<https://www.ni.is/node/21653>), ein af tillögum Náttúrufræðistofnunar að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár. Forsendur fyrir valinu eru annars vegar vernd vistgerða, mýrahveravist, jarðhitalækir og ár á yngra berggrunni og hins vegar vernd búsvæða fugla (t.d. vegna duggandar, húsandar, gulandar og straumandar). Ein af þeim mögulegu ógnum sem er talin vera fyrir hendi á svæðinu er aukin frístundabyggð, þ.e. þar sem er verið að taka ósnortið land undir frístundabyggð eins og kemur fram í skipulaginu. Með því að taka tillit til aðstæðna getur frístundabyggð og vernd vel farið saman. Í skipulaginu er farið vel yfir gróðurfar á svæðinu og þar lagt til að því sé raskað eins lítið og mögulegt er en skipulagsskilmálar eru almennt frekar valkvæðir í skipulaginu þegar kemur að vernd í stað þess að vera ákveðnari.

Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að skoða eftirfarandi við endanlega ákvörðun um skipulag á svæðinu:

1. Tryggja að haft sé 100 m breytt óbyggt belti meðfram vatninu sérstaklega m.t.t. fuglalífs.
2. Setja í skilmála að ekki sé plantað framandi ágengum tegundum á svæðinu og einnig lögð sérstök áhersla á að dreifa ekki framandi tegundum sem geta þrífist í vatninu s.s. fisktegundum eða vatnaplöntum. Með hækkandi hitastigi geta ýmsar tegundir nú þrífist hér á landi í ferskvatni og haft mjög neikvæðar afleiðingar. Í kafla 4 er sagt: „Með uppbyggingu má gera ráð fyrir að lóðarhafar gróðursetji trjáplöntur, sem hafa jákvæð áhrif á bæði dýra- og Oplöntulíf á svæðinu.“ Ekki er skynsamlegt að að setja það í hendur einstaklinga að ákveða hvað sé jákvætt og hvað ekki enda örugglega skiptar skoðanir um það. Skv. lögum um náttúruvernd, 63. gr., er óheimilt að flytja inn og dreifa framandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar en gera skal m.a. áhættumat.
3. Tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir.
4. Öllu raski sé haldið í lágmarki.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is) (<mailto:trausti@ni.is>)



---

**From:** "Stella Rúnarsdóttir" <[stella@utu.is](mailto:stella@utu.is)>  
**To:** "Guðmundur G Þórisson" <[guðmundur@babubabu.is](mailto:guðmundur@babubabu.is)>; "hsl@hsl.is" <[hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)>; "sigrun@hsl.is" <[sigrun@hsl.is](mailto:sigrun@hsl.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <[erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is](mailto:erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is)>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <[rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is](mailto:rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is)>; "ust@ust.is" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is" <[axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is](mailto:axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is)>  
**CC:**  
**Subject:** Ósk um umsagnir, Efra-Apavatn 1A L226187, skipting landsvæðis, deiliskipulag 2003002 -  
**Date:** 9.9.2020 12:03:54

Sæl verið þið

Óskum eftir umsögn ykkar á meðfylgjandi deiliskipulagstillögu fyrir Efra-Apavatn 1A L226187 í Bláskógabyggð.

Tillagan er í auglýsingu frá 9.september til 22.október 2020.

*Bestu kveðjur,*

---

Stella Rúnarsdóttir  
Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12, Laugarvatni  
Sími: 480 5550  
Netfang: [stella@utu.is](mailto:stella@utu.is) (<mailto:stella@utu.is>)  
Vefsíða: [www.utu.is](http://www.utu.is) (<http://www.sbf.is/>)

Viðhengi

image001.gif (2 KB)
image001.gif (2 KB)